

Þ J Ó D Ó L P U R.

1848.

1. Ár.

5. Nóvember.

1.

Guð gefi yður góðan dag!

Vjer getum ekki neitað því, að það hesur lengi verið svo að orði kveðið um oss Íslendinga, að vjer svæfum og þyrftum endilega að vakna. Og vjer getum ekki heldur borið á móti því, að það hafa hljómað til vor raddir, sem hafa eins og haft það mark og mið, að vekja oss af þessum svefn. Skyldi það nú ekki vera þess vert, að skoða, hvað meint muni vera með þessum svefn, og undir eins tilvinnandi, að gefa þeim röddum gaum, sem hafa tekið sig saman um það, að vekja þjóðina af honum? Þegar vjer þá heyrum þetta utan að oss: mikil sofið þjer, Íslendingar! er þá meinungin sú, að vjer sjeum út af dauðir i yfirtroðslum? Eða þegar vjer heyrum hrópað til vor: vaknið þjer nú, Íslendingar! eigum vjer þá að skilja það hróp í sömu meiningu, og þetta ávarp hjá sálmaskáldinu: vaknið upp, kristnir allir, og sjáið syndum við! Jeg fyrir mitt leyti held, að vjer eigum ekki að skilja þetta á þá leið. Það er samt engan veginn meinung mín, að vjer Íslendingar þurfum þess ekki með, að heyra neinar raddir, sem hrópi til vor af öllu afli, að vjer skulum vakna af svefn syndanna, og láta ljós orða Krists lýsa æ betur og betur á vegum vorum. Hverjum getur dottið i hug, að segja oss svo góða! Engum, sem þekkir oss. Vjer erum í því tilliti, eins og adrír bræður vorir í heiminnum, hvorki heitir nje kaldir, heldur hálfvolgir eða hálfsofandi; vjer höfum, þegar bezt lætur, viljann til hins góða, en oss vantar styrkleikann til að framkvæma það. Og það vantar ekki, það hljóma si og æ fyrir eyrum vorum frá prjedikunarstólnum þær raddirnar, sem brýna fyrir oss, hvað til friðar vors heyrir í þessu efni. Með þeim svefninum, sem hjer rædir um, mun þá heldur

meint vera deyfð á þjóðlyndinu, mók á þjóðarandanum, svefn á þjóðlifinu. Og þær raddir, sem jeg segi að hafi eins og tekið lögum fram um það, að vekja þjóðina af þessum svefn, þær hljóma ekki frá prjedikunarstólnum; þær hafa komið til vor langan veg að; þær hafa borizt oss utan af hafi. Og hvað meina nú þessar raddir, þegar þær kveða svo að orði við oss: sofið nú ekki lengur Íslendingar, heldur vaknið! Jeg held, að þær meini hjer um bil þetta: látið það ekki lengur dyljast fyrir yður, að þjer eruð þjóð út af fyrir yður! leyfið ekki, að þjóðerni yðar renni burt og týnist innan um hinum þjóðirnar! Látið yður ekki einu gilda, hvort þjer verðið t. a. m. Rússar eða Prussar eða hvað! Heldur sjáið það sjálfir, að þjer eigið veglegt þjóðerni að verja, að yður byrjar að fá ást á þjóðfjelagi yðar, að þjer megið ekki hugsa til að verða neitt annað, en sannir Íslendingar! Eins og þá raddirnar frá prjedikunarstólnum láta sjer annt um, að vekja oss af svefn syndanna, og glæða hjá oss kristilegan anda, svo reyna lika raddirnar utan af hafinu til, að vekja oss af dvala hugsunarleysis og hirðuleysis um þjóðerni vort, og láta sjer annt um að glæða hjá oss þjóðlegan anda. En hver rök eru til þess, að jeg segi raddir þessar úr hafi komnar? Mjer virðist sem þær gætu ekki komið úr landinu sjálfu. Eða skyldi það ekki fara eptir likum lögum með hverja þjóð, sem sefur, og sýslar ekkert um þjóðerni sitt, eins og með hvern einstakan mann, sem sefur og veit ekki neitt af sjálfum sjer? Sá, sem sefur, getur ekki vakið sig sjálfur, heldur hljóta að koma utan að honum annarstaðar frá hróp eða hnippingar, eigi hann að vakna á vissum tíma. Eins held jeg að sje með þjóðina; meðan hún sefur, get-